

AUGLÝSING

(IV) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

Með vísan til 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 439, 15. maí 2007 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2006/2007 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélögum:

1. Sveitarfélagið Skagafjörður.

Ákvæði reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007 gilda með eftirfarandi viðaukum/breytingum:

- Að allur úthlutaður byggðakvóti til byggðarlaga í Sveitarfélaginu Skagafirði, sbr. bréf sjávarútvegsráðuneytisins dags. 21. maí 2007, samtals 222 þorskígildislestir, verði bundinn skilyrðum um löndun og samkomulag við fiskvinnslustöð staðsetta og með lögheimili í byggðarlaginu Hofsósi.
- Að skipting byggðakvóta í Sveitarfélaginu Skagafirði, samtals 132 þorskígildislestir verði bundin þeim skilyrðum að hann falli í hlut fiskiskipa sem uppfylla ákvæði 1. gr. reglugerðar nr. 439/2007 um skrásetningu og lögheimili í byggðarlaginu Hofsósi.
- Að skipting úthlutaðra aflaheimilda milli einstakra byggðarlaga í Sveitarfélaginu Skagafirði, samtals 90 þorskígildislestir, verði bundin þeim skilyrðum að þær falli í hlut fiskiskipa sem uppfylla ákvæði 1. gr. reglugerðar nr. 439/2007 um skrásetningu og lögheimili í Sveitarfélaginu Skagafirði, annarra en Hofsóss.
- Að úthlutun aflaheimilda verði hlutfallsleg miðað við landaðan afla viðkomandi fiskiskipa á tímabilinu 1. júlí 2006 til 30. júní 2007. Ákvæði 4. gr. reglugerðar um 15 þorskígildislesta hámarksúthlutun og 100 % aukningu aflaheimilda er fellt niður.

2. Breiðdalshreppur.

Ákvæði reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007 gilda um úthlutun byggðakvóta Breiðdalshrepps með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- 90% byggðakvóta skal úthlutað samkvæmt lönduðum afla innan byggðarlags á tímabilinu 1. júlí 2006 til 30. júní 2007. Takmarkanir í 4. gr. reglugerðar um 15 þorskígildislesta hámark og 100% aukningu eru felldar niður.
- 10% byggðakvóta skal úthlutað jafnt til annarra skipa sem uppfylla almenn skilyrði reglugerðar nr. 439/2007.
- Útgerðaraðila sem er með fleiri en einn bát í rekstri er heimilt að færa veiðiskyldu/-byggðakvóta yfir á annan bát í sinni eigu, sé hann sannanlega í eigu sama útgerðaraðila 1. maí 2007.

3. Ísafjarðarbær.

Ákvæði reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007 gilda með eftirfarandi viðaukum/breytingum:

- Byggðakvóta þeim er úthlutað var til Ísafjarðar, samtals 137 þorskígildislestum, skal úthlutað til skel- og rækjuveiðibáta þannig:
50 þorskígildislestir koma í hlut skelveiðibáta og
87 þorskígildislestir koma í hlut rækjuveiðibáta.

Skipting byggðakvótans milli skelveiðibáta verður jöfn, en skipting milli einstakra rækjuveiðibáta verður í hlutfalli við aflahlutdeild þeirra í rækju þann 1. september 2006. Fiskiskip sem fá úthlutað samkvæmt þessum lið geta ekki sótt um frekari úthlutun byggðakvóta hjá Ísafjarðarbæ á þessu fiskveiðiári.

- b) Öðrum úthlutuðum byggðakvóta verður skipt þannig að af 193 þorskígildislestum sem úthlutað var á Ísafjarðarbæ koma:

29 þorskígildislestir í hlut fiskiskipa á Flateyri,

86 þorskígildislestir í hlut fiskiskipa á Ísafirði og

78 þorskígildislestir í hlut fiskiskipa á Suðureyri, auk þeirra 15 þorskígildislesta sem er sérúthlutað á Suðureyri.

Samkvæmt sérúthlutun koma:

22 þorskígildislestir í hlut fiskiskipa í Hnífsdal og

87 þorskígildislestir í hlut fiskiskipa á Þingeyri.

Byggðakvóta samkvæmt þessari grein skal skipt samkvæmt lönduðum afla til vinnslu í Ísafjarðarbæ á tímabilinu 1. júlí 2006 til 30. júní 2007.

Vinnsla aflans er heimil í hvaða byggðarlagi sem er innan sveitarfélagsins.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. júlí 2007.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Hinrik Greipsson.